



Niðurstöður aðalfundar Íslandsbanka hf. 2024

Aðalfundur Íslandsbanka hf. var haldinn fimmtudaginn 21. mars 2024, kl. 16:00, í Ballroom salnum á Reykjavík Edition hótelinu, Austurbakka 2, Reykjavík. Jafnframt var gefinn kostur á rafrænni þátttöku á fundinum.

Eftirfarandi eru niðurstöður fundarins:

1. Skýrsla stjórnar um rekstur og starfsemi bankans síðastliðið rekstrarár

Linda Jónsdóttir, stjórnarformaður Íslandsbanka flutti skýrslu stjórnar um starfsemi bankans árið 2023.

2. Staðfesting ársreiknings bankans og samstæðureiknings fyrir síðastliðið rekstrarár

Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri Íslandsbanka gerði grein fyrir ársreikningi bankans og fjallaði um helstu þætti í starfsemi bankans árið 2023. Aðalfundur samþykkti í kjölfarið ársreikning bankans vegna ársins 2023.

3. Ákvörðun um greiðslu arðs

Samþykkt var að greiða út arð til hluthafa bankans, þ.e. eigenda þeirra hlutabréfa sem ekki eru í eigu Íslandsbanka á aðalfundardegi, sem nemur 12,3 milljörðum króna af hagnaði ársins 2023. Þetta jafngildir arði á hlut að fjárhæð 6,26 krónum. Stjórn bankans getur boðað til sérstaks hluthafafundar síðar á árinu þar sem tillaga um greiðslu arðs af hagnaði fyrri rekstrarára eða endurkaup á eigin bréfum kann að vera lögð fram. Arðleysisdagur (e. Ex-date), þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf bankans án réttar til arðs verður 22. mars 2024. Arðsréttindadagur (e. Record date) verður 25. mars 2024. Hluthafar tilgreindir í hlutaskrá bankans í lok arðsréttindadags eiga tilkall til arðs. Útborgunardagur (e. Payment date) verður 2. apríl 2024.

4. Kosning stjórnar, varastjórnar bankans og formanns stjórnar

Sjálfkjörið var í stjórn bankans og stöður varamanna án sérstakrar atkvæðagreiðslu. Í stjórn Íslandsbanka sitja því nú eftirfarandi sjö stjórnarmenn:

- Agnar Tómas Möller
- Haukur Örn Birgisson
- Helga Hlín Hákonardóttir
- Linda Jónsdóttir
- Stefán Pétursson
- Stefán Sigurðsson
- Valgerður Hrund Skúladóttir

Linda Jónsdóttir var endurkjörin formaður stjórnar.

Varamenn í stjórn Íslandsbanka eru:

- Herdís Gunnarsdóttir
- Páll Grétar Steingrímsson

5. Kosning endurskoðanda

Samþykkt var að KPMG ehf. yrði kjörið endurskoðunarfélag bankans.



6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar

Samþykkt var tillaga stjórnar um þóknun stjórnarmanna og laun varamanna. Þóknun til stjórnarmanna og laun nefndarmanna verða því sem hér segir:

Þóknun til stjórnarmanna verður kr. 521.000 á mánuði, þóknun til stjórnarformanns verður kr. 909.000 á mánuði og þóknun til varaformanns verður kr. 645.000 á mánuði. Því til viðbótar skal greiða stjórnarmönnum kr. 258.000 á mánuði fyrir þátttöku í starfi undirnefnda stjórnar en auk þess fá formenn undirnefnda stjórnar greiddar kr. 58.000 á mánuði. Þóknun til varamanns í stjórn verður kr. 516.000 fyrir starfsárið, auk kr. 258.000 fyrir hvern setinn stjórnarfund eða fund með Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands um hæfismat. Þá verður þóknun utankomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd kr. 380.000 á mánuði.

Þóknun stjórnarmanna vegna starfa í undirnefndum tekur mið af fjölda nefndastarfa sem stjórnarmenn sinna en þó er ekki greidd þóknun fyrir setu í fleiri en tveimur nefndum.

7. Tillaga stjórnar um breytingar á starfskjarastefnu bankans

Samþykktar voru breytingar á starfskjarastefnu bankans í samræmi við tillögu stjórnar.

8. Tillaga stjórnar um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar bankans

Samþykktar voru breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar bankans í samræmi við tillögu stjórnar.

9. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum bankans

Samþykktar voru breytingar á samþykktum bankans í samræmi við tillögu stjórnar. Breytingarnar voru gerðar til að ákvæði samþykktanna endurspegli betur ákvæði 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 hvað varðar skipan og verkefni tilnefningarnefndar og vilja hluthafa til að tilnefningarnefnd skuli kosin af hluthafafundi. Jafnframt fela breytingarnar í sér að tveir varamenn verði í nefndinni.

10. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breytingu á samþykktum

Samþykkt var tillaga stjórnar um kaup á eigin hlutum. Heimildarinnar verður getið í viðauka við samþykktir bankans og verður þannig hluti af samþykktunum í samræmi við ákvæði 2.6 samþykktanna bankans. Viðaukinn er á þessa leið:

„Aðalfundur Íslandsbanka hf. haldinn 21. mars 2024 samþykkir að veita stjórn bankans heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd bankans allt að 10% af hlutafé hans. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa er gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrirfram samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt samkvæmt 77. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (CRR), hafi verið veitt.



Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá aðalfundardegi árið 2024.

The Annual General Meeting of Íslandsbanki hf. held on 21 March 2024 authorises the Board of Directors, based on Article 55 of the Company Act no. 2/1995, to acquire on behalf of the Bank up to 10% of issued share capital of the Bank. The authorisation shall be used to set up a formal share repurchase program or for the purpose of offering shareholders generally to sell their shares to the Bank e.g., through auction where equal treatment of shareholders is ensured. The repurchase of shares under this authorisation is conditional upon the prior approval of the Financial Supervisory Authority of the Central Bank of Iceland in accordance with Article 77 of Regulation (EU) on Prudential Requirements for Credit Institutions and Investment Firms, No. 575/2013 (CRR).

This authorisation shall remain in effect for 18 months after the Bank's Annual General Meeting in 2024.

11. Ákvörðun um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans

Samþykkt var tillaga stjórnar um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans. Þóknun til nefndarmanna tilnefningarnefndar verður því sem hér segir:

Þóknun til hvers nefndarmanns í tilnefningarnefnd verður kr. 190.000 fyrir hvern setinn fund nefndarinnar, þó samtals að hámarki kr. 1.520.000 fyrir undirbúning hvers stjórnarkjörs.

12. Kosning tveggja nefndarmanna og eins varamanns tilnefningarnefndar bankans

Sjálfkjörið var í tilnefningarnefnd bankans og stöðu varamanns án sérstakrar atkvæðagreiðslu. Í tilnefningarnefnd bankans sitja því nú eftirfarandi tveir nefndarmenn:

- Helga Valfells
- Hilmar Garðar Hjaltason

Varamaður í tilnefningarnefnd bankans er Anna Rut Práinsdóttir.

13. Kosning utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd bankans

Páll Grétar Steingrímsson, löggiltur endurskoðandi, var kjörinn utanaðkomandi nefndarmaður endurskoðunarnefndar bankans.

14. Önnur mál

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 17:29.